

Mál nr. 394/2021**M og****V v/ Slysatryggingar ökumanns ökutækisins A****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 26. október 2021, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 15. nóvember 2021.

Bréf lögmanns M, dags. 7. mars 2022, ásamt læknisgögnum frá Póllandi.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi ekið eftir Reykjanesbraut hinn 18. apríl 2017 þegar hann missti stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti á ljósastaur. M tilkynnti um líkamstjón til V hinn 5. október 2020.

M hefur krafist staðfestingar á bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V og vísar til þess að hann hafi leitað á heilsugæslu örfáum dögum eftir atvikið vegna einkenna, auk þess sem hann hafi leitað til læknis í nokkur skipti í kjölfarið vegna bakverkja. Haft er eftir M í málskoti að hann hafi haldið að hann myndi ná sér af einkennum sínum en það hafi ekki verið fyrr en hann hitti lækni í Póllandi í ágúst 2020 sem hann taldi sig hafa fengið staðfestingu á því að hann hafi hlotið varanlega áverka í apríl 2017. M vísar til sjúkraskrár M vegna læknisheimsóknna sem og læknisfræðilegra gagna frá Póllandi vegna afleiðinga líkamstjóns sem hann rekur til ááksturs í apríl 2017. Einnig telur M að hann hafi tilkynnt V um tjón sitt innan árs frá því að hann vissi um varanlegar afleiðingar líkamstjóns, sbr. ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, en það hafi ekki verið fyrr en í ágúst 2020 og tjónstilkynning hafi borist V í október 2020.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ósannað sé að orsakatengsl séu milli umferðaróhapps í apríl 2017 og þeirra einkenna sem M finnur nú fyrir og beri M sönnunarbyrði um það. V vísar til þess að ekki sé minnst á umferðaróhapp þegar M leitar til læknis hinn 18. júlí 2017 vegna bakverkjakasts og á árunum 2017-2019 séu fjölmargar færslur í sjúkraskrá vegna einkenna frá baki án þess að það sé tengt við umferðaróhapp. V vísar einnig til þess að ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 til þess að tilkynna tjón hafi verið liðinn í máli M þar sem hann hafi ekki tilkynnt um líkamstjón fyrr en í október 2020, eða um þremur og hálfu ári eftir umferðaróhappið.

Álit.

Í málinu liggja fyrir gögn um heilsufar M þar sem kemur fram að hann hafi verið slæmur í baki í nokkur ár. Í þeim gögnum eru þeir verkir ekki tengdir sérstaklega við umferðaróhapp sem hann lenti í 18. apríl 2017. Ekki liggur fyrir sérfræðimat um orsakatengsl eða önnur sambærileg gögn sem sýna með óyggjandi hætti að þau einkenni sem M hefur haft séu dæmigerð einkenni vegna áverka sem hann hann að hafa fengið við umferðaróhappið. M hefur sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón sem rakið er til umferðaróhappsins 18. apríl 2017. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu að þau einkenni sem M hefur leitað til læknis vegna séu vegna umrædds umferðaróhapps. Læknisfræðileg gögn frá Póllandi breyta ekki þeirri stöðu og verður M að bera hallann af sönnunarskorti um að líkamstjón hans sé rakið til títtnefnds umferðaróhapps. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir